

Föstudaginn 16. nóvember 1990.

Nr. 400/1990. **Friðrik Friðriksson**

gegn

**Lind h/f og**

**sýslumanni Húnavatnssýslu.**

Kærumál. Kæruheimild. Kyrrsetning. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Með bréfi 10. október 1990 til sýslumannsins í Húnavatnssýslu óskaði varnaraðili þess, að lagt yrði löghald á eignir sóknaraðila til tryggingar tveimur skuldum samkvæmt eignarleigusamningi þeirra á milli, annarri að fjárhæð 3.972.270 krónur og hinni að fjárhæð DEM 271.240, ásamt tilteknum vöxtum, málskostnaði og öðrum kostnaði.

Jón Ísberg sýslumaður tók ofangreinda beiðni fyrir í fógetarétti Húnavatnssýslu 11. sama mánaðar og lagði löghald á eignarhluta sóknaraðila í skipinu Rósu, HU-294, húseign sóknaraðila að Garða-vegi 25 á Hvammstanga og bifreið sóknaraðila, H-198, til tryggingar skuldunum.

Sóknaraðili hefur með kæru 24. október 1990 kært til Hæstaréttar löghaldsgerð þessa og krafist þess, að löghaldsgerðin „verði felld úr gildi og sýslumanni verði veitt áminning og/eða hann sektaður, allt að mati réttarins. Þá er gerð krafa um greiðslu málskostnaðar, að viðbættum virðisaukaskatti, skv. gjaldskrá LMFÍ og/eða skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi. Krafa er gerð um það, að málskostnaðurinn beri dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987, ásamt síðari breytingum, 15 dögum eftir dómsuppsögu. Þá er þess einnig krafist, að vextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta“.

Sóknaraðili segir, að kært sé á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, enda telji hann fógeta hafa gert á hlut sinn við löghaldsgerðina.

Af hálfu varnaraðila er aðallega krafist frávísunar frá Hæstarétti, en til vara sýknu. Þá er krafist kærumálskostnaðar með vöxtum.

Sýslumaður Húnavatnssýslu hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar.

Fordæmi er fyrir því, að fjallað sé um gildi kyrrsetningar í kærumáli fyrir Hæstarétti, þegar kært er á grundvelli 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. dóm H.1988,1043.

Á framkvæmd löghaldsins eru ýmsir annmarkar. Í gerðinni sjálfri segir ekki, vegna hvaða krafna er kyrrsett, gagnstætt því, sem til verður að ætlast samkvæmt þeim tilgangi kyrrsetningar að vera til tryggingar á fullnustu lögvarinnar kröfu, sbr. 6. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Gerðin var framkvæmd, án þess að gerðarbeiðandi setti tryggingu og án þess að borið væri undir gerðarþola, hvort hann gæti sætt sig við þá tilhögun, sbr. 12. gr. sömu laga. Virðist ljóst, að fógæti hafi ekki leiðbeint um þetta atriði, þar sem fram kemur í athugasemdum hans, að hann hafi sjálfur talið tryggingu ónauðsynlega með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi væri fjármálastofnun. Þá voru og kyrrsettar þrjár verðmætar eignir sóknaraðila, án þess að grein væri gerð fyrir áætluðu verði hvernar um sig, gagnstætt ákvæðum 14. gr. laganna. Allra þessara atriða bar fógæta að gæta ex officio.

Vegna þessara réttarfarsafrígðna, sem varða mikilvæga hagsmuni gerðarþola, verður ekki hjá því komist að ómerkja löghaldið.

Samkvæmt þessu ber að fella hina kærðu gerð úr gildi. Kröfur sóknaraðila um vítur og sektir verða ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð :

Framangreind kyrrsetningargerð er felld úr gildi.

Kröfum sóknaraðila, Friðriks Friðrikssonar, á hendur sýslumanninum í Húnavatnssýslu er hafnað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

**Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.**

Eigi er heimilt að áfrýja kyrrsetningu, sbr. 7. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands verður fógætagerð ekki sjálfri skotið til Hæstaréttar með kæru. Brestur því heimild

til að fá í máli þessu úrlausn Hæstaréttar um það, hvort kyrrsetningin, sem málið snýst um, sé gild eða ógild, og ber að vísa kærunni frá Hæstarétti að þessu leyti, sbr. eftirtalda dóma: H.1969,816, H.1979,669, H.1983,541, H.1984,1212, H.1985,1387 og H.1988,616.

Ekki eru efni til að taka til greina kæru sóknaraðila, sem á því byggist, að sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hafi gert á hlut hans í dómarastarfi, en sú kæra er heimil eftir 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Ég tel því, að dómsórð eigi að hljóða svo:

Kröfur sóknaraðila, Friðriks Friðrikssonar, á hendur varnaraðila, Jóni Ísberg, sýslumanni Húnavatnssýslu, eru ekki teknar til greina.

Að öðru leyti er kröfum sóknaraðila vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands greiða atkvæði um efni málsins.

Með vísan til forsendna atkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins þykir mega staðfesta niðurstöðu þess.

### **Löghaldsgerð fógetaréttar Húnavatnssýslu 11. október 1990.**

Ár 1990, fimmtudaginn 11. október kl. 14.05, var fógetaréttur Húnavatnssýslu settur í skrifstofu embættisins á Hvammstanga og haldinn af sýslumanni, Jóni Ísberg, við undirritaða votta. Fyrir var tekið: Kyrrsetningarmálið nr. 1/90: Krafa Lindar hf., Ingólfsstræti 3, Reykjavík, um, að lagt verði löghald á eignir Friðriks Friðrikssonar, Garðavegi 25, Hvammstanga, til tryggingar skuld samkvæmt eignarleigusamningi.

Mættur f.h. gjörðarbeiðanda er Guðni Haraldsson hdl. og leggur fram sem nr. 1, beiðni um löghald í eignum gjörðarþola, Friðriks Friðrikssonar, sem nr. 2, samning um fjármögnunarleigu, dags. 24.4. '88, sem nr. 3, afrit af símskeyti um uppsögn á samningi um fjármögnunarleigu, sem nr. 4, sundurliðun á kröfu gjörðarbeiðanda.

Gjörðarþoli er fjarverandi, en að tilhlutan fógeta mætir á skrifstofunni dóttir hans, Erna, kt. 290264-2199. Fógeti biður hana að benda á eignir, en hún telur sig ekki geta það með nokkurri vissu.

Lögmaður gjörðarbeiðanda gerir þá kröfu um, að eignarhluti gjörðarþola í skipinu Rósu, HU-294, verði kyrrsettur svo og húseign hans, Garðavegur 25, og enn fremur bifreið hans, H-198, Volvo, ágerð 1985. Skipaður

talsmaður gjörðarþola telur sig ekki í aðstöðu til að mótmæla þessum kröfum.

Þá eru skrifaðar upp þessar eignir:

Eignarhluti gjörðarþola í skipinu Rósu, HU-294,  
húseignin Garðavegur 25, Hvammstanga,  
bifreiðin H-198.

Skipuðum talsmanni gjörðarþola er gerð grein fyrir þýðingu gerðarinnar, og lofar hún að greina gjörðarþola frá gjörðinni. Enn fremur er henni bent á, að refsivert sé að ráðstafa eignum þessum á þann hátt, að fari í bága við rétt gjörðarbeiðanda.

---